



Hagstofa Íslands

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/854
komudagur 23/2 1996

HS/22/2/1996

**Nokkur atriði
um frv. til laga um mannanöfn**

1. Hagstofan tekur ekki afstöðu til reglna um heimildir til notkunar mannanafna skv. frumvarpinu. Þó má benda á að reglur laga um mannanöfn eru þegar bæði margar og flóknar og verða vart einfaldari verði frv. þetta að lögum. Með hliðsjón af öllu því amstri sem mannanafnalöggjöfin veldur bæði almenningi og stjórnvöldum sýnist koma fyllilega til álita að heimila fólki að nota hvaða nafn sem það vill.
2. III. kafli sbr. 2. mgr. 18. gr.
Heimild til upptöku millinafna á skv. frv. að vera í höndum Þjóðskrár. Þetta er óeðlilegt. Könnun skilyrða til upptöku millinafna krefst verulegrar vinnu, lögfræðikunnáttu og sérþekkingar sem er til staðar í dómsmálaráðuneyti í ríkum mæli. Jafnframt voru heimildir til upptöku ættarnafna voru veittar af dómsmálaráðuneyti á sínum tíma. Ef þessum ættarnöfnum á að breyta í millinöfn er eðlilegt að það sé gert með leyfi ráðuneytisins. Á Hagstofunni starfar einn lögfræðingur og hefur ærinn starfa við ýmis mál Þjóðskrár, ekki síst mannanöfn. Eigi þetta verkefni að vera í höndum Þjóðskrár sýnist það kalla á ráðningu lögfræðings í því skyni og er það fullkomlega óeðlilegt. Í þessu sambandi skal bent á að umsögn um kostnað í frv. er út í hött hvað snertir meðferð millinafna.
3. 5. mgr. 8. gr.
Rétt sýnist að fella niður orðin “við gildistöku þessara laga” þar sem þau kunna að valda deilum um túlkun.
4. 9. gr. sbr. 12. gr.
Í þessu er gert upp á milli íslenskra og erlendra ríkisborgara hvað varðar notkun þeirra á ættarnöfnum maka. Þessi háttur sýnist fara í bága við jafnræðisreglu.

5. 4. mgr. 11. gr.
Hér er ekki tekin afstaða til niðja þeirra manna sem ekki þurftu að breyta eiginnöfnum sínum við upptöku íslensks ríkisfangs. Þessi börn geta skv. frv. ekki tekið upp ættarnafn þess sem ríkisfangið hlaut.
6. 12. gr.
Með þessari grein er erlendri konu sem giftist Jóni Jónssyni ekki heimilað að taka kenninafn hans. Hins vegar er henni heimilt að kenna sig til föður maka síns en verður þá Jónsdóttir. Með þessu er felld niður áratuga hefð í þessum efnum og tekin upp regla sem er gersamlega framandi útlendingum og sýnist naumast rökrétt. Benda má á að Hagstofunni hefur aldrei borist beiðni um upptöku kenninafns með þessum hætti en henni berast sífellt beiðnir frá erlendum konum um upptöku kenninafns maka sinna.
7. 14. gr. sbr. 8. gr.
Kenninafni barns, sem foreldrar tóku sameiginlega ákvörðun um hvert yrði, ætti ekki vera hægt að breyta án samþykkis beggja nema alveg sérstakar ástæður komi til sem dómsmálaráðuneytið metur. Hafi forsjáin færst úr höndum beggja í hendur annars foreldranna vegna skilnaðar eða sambúðarslita, þarf að áskilja að breyting á kenninafni sé háð samþykki beggja. Því þarf að setja í 14. gr. ákvæði hliðstæð þeim sem eru í 2. mgr. 13. gr. Benda má að ella gætir ósamræmis við ákvæði 3. mgr. 14. gr. þar sem leita þarf samþykkis kynforeldris ef kenna á barn til stjúpforeldris.
8. 22. gr.
Niður falli að Hagstofan gefi út og kynni mannanafnaskrá. Eðlilegt er að mannanafnanefnd geri það, stofn skráinnar er núverandi skrá og viðbætur hennar öll þau nöfn sem mannanafnanefnd heimilar. Röksemdir í aths. um 22. gr. á bls. 30 eru rangar.
9. Ákvæði I. til bráðabirgða
Þetta ákvæði falli niður. Hagstofan vinnur nú að endurskoðun tölvukerfis þjóðskrár sem m.a. á að gera kleift að skrá full nöfn manna þótt löng séu. Stefnt er að því að þetta verði unnt á næsta ári. Hagstofan hefur fram til þessa leyst álitamál um styttingu nafna með samkomulagi við hlutaðeigandi. Hún hefur alls ekki viljað setja reglur um styttingar þar sem hún telur að þær geti orðið til að þrengja rétt manna og torvelda lausn einstakra álitamála um þetta. Þetta sjónarmið kom skýrt fram í svari ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn á Alþingi í nóvember 1994. Þá hefur umboðsmaður Alþingis fallist á þetta sjónarmið, sbr. bréf hans til Hagstofu Íslands 26. maí 1995.